

Óskar Hrafn Þorvaldsson
Fréttastjóri Stöðvar 2 og Vísis
Afrít: Þorbjörn Þórðarson fréttamaður.

Efni : Fréttaflutningur Stöðvar 2 og frétt á Vísi.is mánudaginn 22. mars 2010 um
„skuggastjórnendur“

Sæll Óskar.

Ég get ekki látið hjá líða að gera athugasemd við afar ósanngjarna framsetningu fréttar af „skuggastjórnendum“. Í fréttinni er gengið út frá að eigendur íslensku bankanna hafi á einhvern hátt gerst brotlegir með aðkomu sinni að stjórnun bankanna. Tekið er fram í öðru orðinu að engin ákvæði í íslenskum lögum taki á hugsanlegri refsíabýrgð „skuggastjórnenda“ bankanna, en í hinu segir fréttamaðurinn, Þorbjörn Þórðarson, að eigendurnir muni „að öllum líkindum sleppa“, þar sem refsíabýrgð hafi legið hjá stjórn og forstjóra. „Sleppa“? Undan refsíákvæðum sem ekki eru til vegna meintra brota sem ekki eru nefnd einu orði í íslenskri löggjöf?

Eitt er hversu órökrétt fréttin er, annað og alvarlegra að fréttamaðurinn, Þorbjörn Þórðarson, skuli halda hugleiðingum sínum áfram með því að fjalla sérstaklega um mig og fundi mína með ráðamönnum þegar bankarnir voru að hrynja og ljóst að breytingar á eignarhaldi íslensku bankanna gátu verið yfirvofandi, en slík viðfangsefni eru eðlilega í höndum helstu eigenda en ekki stjórnenda bankans. Fréttamaðurinn flytur engu að síður skýringu sína á hugtakinu skuggastjórnandi og segir svo: „Sennilega hefur þetta aldrei birst skýrar fyrir opnum tjöldum en þegar eigendur stórra banka funduðu með ráðamönnum í aðdraganda bankahrunsins. Komið hefur fram að Björgólfur Thor Björgólfsson réð ferðinni í ráðherrabústaðnum helgina fyrir setningu neyðarlaganna. Lýsing á þessu hefur birst m.a í bókum um bankahrunið. Þessa helgi var Björgólfur sjálfur mjög sýnilegur á fundum í stjórnarráðinu og var myndaður með bankastjórnunum, Halldóri J. Kristjánssyni og Sigurjóni Þ. Árnasyni, á leiðinni á fund þar helgina fyrir setningu neyðarlaganna.“

Með þessari frétt fylgdu myndir af mér á tröppum stjórnarráðsins og skilaboðin augljós: Þarna hafði skuggastjórnandi verið gripinn glóðvolgur, fyrir tilstilli fréttamanns Stöðvar 2, 18 mánuðum eftir meint brot. Uppsetning fréttarinnar er í hæsta máta ósanngjörn og í raun fáránleg. Það, að stór hluthafi í Landsbankanum hafi sótt fundi með ráðamönnum dagana sem kerfishrun vofði yfir, þar sem meðal annars var rætt um hugsanlega sameiningu bankans við annan banka, hefur að sjálfsögðu ekkert með svokallaða skuggastjórnun að gera.

Þegar langt var liðið á fréttina tók fréttamaðurinn skýrt fram, að í fréttinni væri ekki verið að „vísa sérstaklega til Björgólfs Thors, enda var það aðeins nefnt til skýringar hér að framan.“ Til skýringar á hverju? Skuggastjórnun? Sem samkvæmt fréttinni getur ekki talist annað en óvandaðar og ósanngjarnar vangaveltur fréttamanns og hefði aldrei getað átt við um þessa daga fyrir hrún? Og er hvort eð er fyrirbæri sem hvergi kemur fyrir í íslenskum lögum, hvað þá að tíunduð sé refsíabýrgð!

Það er áhyggjuefni að fréttastofa Stöðvar 2 skuli telja sér sæmandi að hamra á nafni mínu og birta af mér myndir með frétt, sem er uppfyll af dylgjum og aðdróttunum. Það væri ánægjuleg nýbreytni ef íslenskur fréttamiðill sæi að sér, viðurkenndi að hafa gengið of langt og bæðist velvirðingar.

Kveðja,

Björgólfur Thor Björgólfsson